

# Göngudeild hjartabilunar

Göngudeild hjartabilunar er fyrir einstaklinga sem hafa greinst með hjartabilun og hefur verið vísað á deildina til sérhæfðs mats, eftirlits og meðferðar. Göngudeildin er staðsett á 4. hæð Landspítala við Hringbraut.

Á göngudeildinni vinnur saman hópur hjúkrunarfræðinga og hjartalækna með sérþekkingu á hjartabilun. Móttakan er fyrst og fremst í höndum hjúkrunarfræðinga en meðferð er stýrt af hjartalæknum sem starfa við deildina og eru til taks ef á þarf að halda.

## Markmið meðferðar

- Meta og meðhöndla einkenni hjartabilunar og fyrirbyggja versnun á ástandi.
- Veita fræðslu til að auka skilning á sjúkdómsástandi og meðferð.
- Efla sjálfsumönnun og styðja við lífsstílsbreytingar.
- Efla öryggiskennd og stuðla að auknum lífsgæðum.

## Eftirlit og meðferð

Eftirlitið felur í sér reglulegar komur á göngudeildina. Fjöldi koma fer eftir þörfum hvers og eins og markmiðum meðferðar. Eftirlit og ráðgjöf getur farið fram með símtölum og í sumum tilvikum hjá öðrum meðferðaraðilum.

Við eftirlit er lagt mat á einkenni og líðan. Gerð er einföld líkamsskoðun og viðeigandi mælingar. Farið er yfir lyfjameðferð, lagt mat á árangur og gerðar breytingar eftir þörfum. Einnig er metið hvort þörf sé á frekari rannsóknum. Veitt er fræðsla og upplýsingar eftir þörfum og stutt við æskilega lífshætti. Lagt er mat á sjálfsumönnunargetu, virkni, heimilisaðstæður og þörf á þjónustu, eins og til dæmis heimahjúkrun eða lyfjatiltekt.

Þegar ástand hjartabilunar hefur batnað og haldist stöðugt yfir ákveðinn tíma er áframhaldandi eftirlit í höndum annarra fagaðila svo sem hjartalækna eða heimilislækna.

## Samstarfsaðilar

Margir koma að meðferð sjúklings og eru kallaðir til eftir þörfum. Þetta eru til dæmis læknar, hjúkrunarfræðingar, lyfjafræðingar heimahjúkrun, sjúkraþjálfarar, næringarfræðingar, sálfræðingur, félagráðgjafi, öldrunarþjónusta og líknarþjónusta.

## Símapjónusta

Starfsfólk deildarinnar tekur við símtölum milli klukkan 08:30 og 15:30 á virkum dögum í síma 825 5133. Einnig er hægt að skilja eftir skilaboð. Veittar eru ráðleggingar um einkenni sem tengjast hjartabilun eða meðferð hennar. Ef um önnur veikindi er að ræða er leitað á heilsugæslustöð. Í bráðatilfellum er hringt í síma 112 eða farið beint á bráðamóttöku Landspítala í Fossvogi.

Mikilvægt er að láta vita ef um forföll í bókaðan tíma er að ræða

## Starfsfólk göngudeildar

- Guðbjörg Jóna Guðlaugsdóttir, hjúkrunarfræðingur og verkefnastjóri
- Anna Rósa Pálsdóttir, hjúkrunarfræðingur
- Sigríður Guðmundsdóttir, hjúkrunarfræðingur
- Auður Ketilsdóttir, sérfræðingur í hjúkrun
- Inga Jóna Ingimarsdóttir, hjartalæknir
- María Tómasdóttir, hjartalæknir
- Þórdís Jóna Hrafnkelsdóttir, hjartalæknir
- Ævar Örn Úlfarsson, hjartalæknir

Þetta fræðslufni er gert fyrir sjúklinga Landspítala og aðstandendur þeirra og er byggt á bestu þekkingu við útgáfu þess. Tilgangur fræðslufnisins er að styðja við faglega ráðgjöf heilbrigðisstarfsfólks Landspítala sem veitir nánari upplýsingar eftir þörfum. Efninu er ekki ætlað að koma í stað einstaklingsbundinna leiðbeininga heilbrigðisstarfsfólks.